

Norðurál Helguvík ehf
Stakksbraut 1
250 Garður



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 16. desember 2013
Tilvísun: UST20131100201/gsá


Staðfesting á úrbótum móttækin - máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 5. desember 2013 þar sem áformað var að áminna Norðurál, Helguvík ehf. vegna frávíks sem fram kom við reglubundið eftirlit þann 3. október sl., hvað varðar skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir árið 2012.

Þann 12. desember sl. barst Umhverfisstofnun yfirlýsing rekstraraðila um að rekstur sé ekki hafinn í Helguvík og því hafi engin starfsemi verið í fyrirtækinu árið 2012. Umhverfisstofnun staðfestir móttöku þessa og lítur svo á að þetta séu fullnægjandi úrbætur.

Eftirfylgnimáli sem hófst með bréfi 5. desember sl. telst nú lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 446/2012.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri


Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja